

Fundur í stjórn foreldrafélags Álfasteins haldinn á Álfasteini 16. febrúar 2014

Mætt: Jón Þór, Rachel, Andrea, Halla Björk og Huguín fyrir hönd leikskólans .

1. Sælgæti á öskudag

Stjórn foreldrafélagsins hefur séð um að kaupa sælgæti sem slegið er úr tunnunni á öskudaginn. Huguínu hefur borist athugasemd frá foreldri um að hafa sælgæti í tunnunni. Í kjölfarið fór hún í Henry Schein Fides sem selur smádót á tannlæknastofur og fékk sýnishorn til að sýna okkur á fundinum. Stjórn foreldrafélagsins ákvað að hafa dót og rúsínur handa yngstu börnunum og dót og lítilsháttar sælgæti handa þeim eldri.

2. 20 ára afmæli leikskólans

Í vor verður 20 ára afmæli Álfasteins fagnað. Huguín greindi frá því að vorhátíðin verður veglegri en áður af því tilefni. Íbúum verður boðið að koma og taka þátt, en boðið verður upp á grillaðar pylsur, djús og afmælisköku. Starfsfólk og nemendur stefna að því að taka upp myndband sem verður frumsýnt á vorhátíðinni og undirbúa söngatriði. Ákveðið að foreldrafélagið greiði kostnað við kaup á pylsum og sósum en búast má við aðeins meiri fjölda gesta en venjulega á vorhátíð. Tombólan verður á sínum stað enda vinsæl bæði af eldri og yngri krökkum og rætt um að hafa þrautabraut. Leikskólinn mun leigja hoppukastala og svo er sjónvarpsstöðin N4 búin að boða komu sína.

Umræður um afmælisgjöf frá foreldrafélaginu á þessum tímamótum. Ekkert ákveðið en ýmsar hugmyndir ræddar.

3. Danskensla

Ákveðið var að breyta til varðandi danskenslu í vetur. Halla setti sig í samband við Evu hjá Steps Dancecenter en hún hefur ekki svarað tölvupóstum síðan í desember.

4. Huguín lagði fram skóladagatal fyrir næsta skólaár. Rætt um samræmingu starfsdaga á Álfasteini og í þelamerkurskóla.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.